

## Stefna gegn mútum og spillingu

Stefna Hölds gegn mútum eða spillingu er í samræmi við siðareglur fyrirtækisins og áherslu á góða viðskiptahætti og menningu sem stuðlar að sanngirni, heilindum og góðu siðferði í allri starfsemi félagsins. Stefna þessi á við um allt starfsfólk félagsins, stjórn, umboðsmenn og aðra sem koma fram í nafni félagsins.

Mútur eða spilling í öllum myndum er með öllu óheimil í starfsemi Hölds. Starfsfólk, samstarfsaðilum og fulltrúum fyrirtækisins er með öllu óheimilt að bjóða eða taka á móti gjöfum eða öðru því sem ætla má að hafi þann tilgang að hafa óeðlileg áhrif á viðskiptalegar ákvarðanir eða óhlutdrægni starfsmanna, fyrirtækisins eða þriðja aðila. Að sama skapi er óheimilt að bjóða fram nokkurs konar greiðslu í von um að liðka fyrir samskiptum eða hafa áhrif á eðlilega málsmeðferð opinberra embættismanna.

Störfum og gjörðum þeirra sem starfa fyrir Höld, skal þannig háttað að persónulegir eða fjárhagslegir hagsmunir hafi ekki áhrif á ákvörðunartöku. Þannig drögum við úr hættu á hagsmunaárekstrum og siðferðilegum álitaefnum.

Höldur veitir starfsfólk og stjórnendum fræðslu um mikilvægi heiðarleika og siðferðis í starfi auk ákvæða laga og skráðu verklagi félagsins um vernd uppljóstrara. Þá fær viðeigandi starfsfólk fræðslu um stefnu og skráð verklag félagsins um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.

Ef upp koma atvik eða grunur um siðferðisleg vafamál, lögbrot eða aðra ámælisverða háttsemi fer málsmeðferð fram samkvæmt skráðu verklagi og getur brot á stefnu þessari og/eða siðareglum félagsins leitt til uppsagnar starfsmanns og/eða haft lagalegar afleiðingar.

Við erum heiðarleg og sýnum samstarfsvilja þegar störf okkar eða aðrar gjörðir eru teknar til skoðunar. Við erum trú þessari stefnu okkar og siðareglum í allri okkar starfsemi og væntum þess að samstarfaðilar, umboðsmenn, birgjar, þjónustuaðilar og viðskiptavinir geri slíkt hið sama.

Stjórn Hölds hefur samþykkt þessa stefnu og er hún endurskoðuð á þriggja ára fresti, eða oftar ef þörf krefur.

Síðast uppfærð dags. 20.12.2024